

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, fimmtudaginn 18. mars 2015 kl. 13:00 í Norræna húsinu.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. Stjórnin var nýlega endurskipuð af Hugvísindasviði. Hún skipti með sér verkum og var Vilhjálmur Árnason kjörinn formaður og Sólveig Anna Bóasdóttir varaformaður.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
3. Forstöðumaður gerði stuttlega grein fyrir fjármálum stofnunar.
4. SN vék af fundi. Stjórnarformaður gerði grein fyrir hugmyndum um breytingu á tilhögun kennslu forstöðumanns við námsbraut í heimspeki sem gætu falið í sér að forstöðumaður yrði í hálfu starfi við Siðfræðistofnun. Stjórnarmenn gera ekki athugasemdir við það.
5. SN tók sæti. *Landsiðaráð*. Stjórnarformaður og forstöðumaður gerðu grein fyrir þingsályktun sem nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa lagt fram um að skipað verði sérstakt Landsiðaráð. Þetta er svipuð hugmynd og Siðfræðistofnun hefur kynnt fyrir forseta Alþingis nokkrum sinnum á síðustu árum. Í kjölfar fréttu um þingsályktunartillöguna átti forstöðumaður samtalið við núverandi forseta Alþingis og sendi honum í fframhaldi þau bréfaskeiði sem stjórnarformaður hefur átt við embættið á undanförunum árum og óskaði eftir tækifæri á frekari fundi um málið.
6. *Ársfundur í desember*. Fjallað um ársfund stofnunarinnar í desember s.l. sem þótti takast vel en þar hélt Ólafur Páll Jónsson erindi sem bar heitið *Lýðræði og siðfræði. Hvað geta skólar gert?* Á eftir erindinu voru pallborðsumræður með nokkrum kennurum úr grunn- og framhaldsskólum. Rætt var um að á næsta ársfundi mætti fjalla um þörfina á að skipa Landsiðaráð eða um heilindi í rannsóknnum en skýrsla er nýkomin um stöðu mála á Norðurlöndunum.
7. Rætt stuttlega um mögulega málþing, útgáfur og stöðu rannsóknarverkefna.
8. Stefnt að því að halda næsta stjórnarfund í kringum 20. maí n.k.

Fundi slitið 14.15.

S.N.